



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

**Sendandi:** Arna Schram

---

### *Aðsókn eldri borgara að söfnum Reykjavíkurborgar*

Eldri borgarar frá 67 ára aldri hafa frá árinu 2017 fengið endurgjaldslausan aðgang að söfnum Reykjavíkurborgar en fyrir þann tíma hafði aldurstakmarkið, til að fá endurgjaldslausan aðgang, verið 70 ár. Aðrir hópar sem njóta þess að fá endurgjaldslausan aðgang að söfnum borgarinnar eru börn að 18 ára aldri og öryrkjar. Einnig er hægt að kaupa Menningarkort Reykjavíkur á 6.000 kr á ári og veitir það endurgjaldslausan aðgang að öllum söfnum borgarinnar í eitt ár, auk þess sem handhafar fá bókasafnsskírteini endurgjaldslost, gegn framvísun kortsins og ýmis önnur fríðindi og afslátt á söfn og menningarviðburði.

Þegar litið er til annarra safna í Reykjavík og nágrenni, en þeirra sem Reykjavíkurborg rekur, má sjá að börn að 18 ára aldri fá endurgjaldslausan aðgang sem og öryrkjar, en eldri borgarar fá hins vegar afslátt af aðgangseyri, en ekki endurgjaldslausan aðgang eins og í Reykjavík. Þannig er það til dæmis hjá Listasafni Íslands, Þjóðminjasafni Íslands, Gerðarsafni í Kópavogi og Hönnunarsafni Íslands í Garðabæ, þar sem eldri borgarar fá helmingafslátt af aðgangseyri og hjá Gljúfrasteini þar sem eldri borgarar fá 200 kr. afslátt af aðgangseyri. Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar veitir ókeypis aðgang fyrir alla og sker sig þar með úr að þessu leyti.

Þegar eldri borgarar fengu endurgjaldslausan aðgang að söfnum borgarinnar var þess meðal annars vænst að það myndi auka aðsókn reykvískra eldri borgara í söfnin, en svo virðist sem það hafi ekki náð fram að ganga nema að litlu leyti og sé litið á tölur eftir að aldurstakmarkið var fært niður í 67 ár virðist það ekki heldur hafa ýtt við eldri borgurum svo eftir sé tekið.

Annað kemur hins vegar á daginn þegar litið er á erlenda eldri borgara en aðsókn þess hóps að söfnum borgarinnar hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin í takt við fjölgun erlendra gesta í borginni. Má sem dæmi nefna að fjöldi erlendra eldri gesta inn á söfn borgarinnar var rétt um 650 árið 2013 en vel yfir 19 þúsund árið 2018. Til samanburðar var fjöldi innlendra eldri gesta inn á söfn borgarinnar rétt um 6.000 árið 2013 og um 6.400 árið 2018.

Þessi mikla fjölgun erlendra eldri borgara að söfnum borgarinnar beinir sjónum að þeim aðgangseyri sem söfnin verða af en rekstur safnanna er mjög háður tekjum af aðgangseyri. Söfnin urðu þannig, með hliðsjón af þessu, af yfir 31,5 milljónum króna í tekjum af erlendum eldri borgurum árið 2018 og af annarri eins upphæð árið áður frá sama hópi, en á sama tíma

eru heildartekjur safnanna af aðgangseyri að dragast saman.

Menningar- og ferðamálasvið hefur að undanfögnu verið að skoða hvernig hægt sé að breikka þann hóp sem kemur til með að greiða einskiptisaðgang að söfnum borgarinnar og sporna þar með við samdrætti í tekjum safnanna en um leið hefur sviðið í samstarfi við Félag eldri borgara í Reykjavík verið að skoða leiðir til að ná betur til reykvískra eldri borgara og kynna þeim það fjölbreytta menningarstarf sem í boði er í borginni. Hefur meðal annars verið litið til þess hvort veita mætti eldri borgurum Menningarkort Reykjavíkur á sérstökum afslætti og nýta þá leið til að kynna þeim það fjölbreytta starf sem í boði er í borginni.

Arna Schram

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar